

4. Árnessýsla fyrr og nú.

- a) Fyrirkomulag á útgáfu á sögu Árnessýslu. Fjölritað.
- b) Árnesingamót 13.febrúar 1937. Kvæði eftir Ágúst Jónsson.

I. Almennar áhrifa- og ástæður.

II. Almennar áhrifa- og ástæður.

III. Almennar áhrifa- og ástæður.

(Þar með upptökning helstu merkisatnaða, stórbýla o.s.frv.)

1. Fjall.

2. Skoð.

3. Hreppar.

4. Biskupsstungur (þar með sérstaklega um Geysa og Gullfoss).

5. Grímanes og Langardalur.

6. Þingvallasveit og Grafalagar (þar með sérstaklega um Þingvelli).

7. Ölfus og Selvogur.

IV. Öbyggðir og afreittir.

V. Gróður og dýralíf.

VI. Veðráttur, árferði á þessum tíma.

VII. Uppblástur og sandfok, sandgröbla.

VIII. Náttúruviðburðir (landshálftar, flóð o.fl.).

IX. Hversu héraðið býr að ívona sínum, yfirlit (landskortir, náttúrafegurð o.s.frv.).

ÁRNESSÝSLA FYRR OG NÚ.
=====

I. BINDI.

H É R A Ð I Ð.

- I. Takmörk Árnessýslu.
- II. Jarðfræðileg myndun héraðsins.
- III. Landfræðileg lýsing einstakra byggðarlaga.
(Þar með upptalning helztu merkisstaða, stórbýla o.s.frv.)
 - 1. Flói.
 - 2. Skeið.
 - 3. Hreppar.
 - 4. Biskupstungur (þar með sérstaklega um Geysi og Gullfoss).
 - 5. Grímsnes og Laugardalur.
 - 6. Þingvallasveit og Grafningur (þar með sérstaklega um Þingvelli).
 - 7. Ölfus og Selvogur.
- IV. Óbyggðir og afréttir.
- V. Gróður og dýralíf.
- VI. Veðráttufar, árferði á ýmsum tímum.
- VII. Uppblástur og sandfok, sandgræðsla.
- VIII. Náttúruviðburðir (landskjálftar, flóð o.fl.).
- IX. Hversu héraðið býr að íbúum sínum, yfirlit (landskostir, náttúrufegurð o.s.frv.).

ARNESSÝSLA FYRR OG NÚ.
=====

II. BINDI.

S A G A Á R N E S I N G A.

Fyrri hluti.

- I. Landnám í Arnessýslu.
- II. Alþingi stofnað á Þingvöllum. Þingstaðir héraðsins.
- III. Goðaættir og goðastjórn.
- IV. Kristnitakan. Kirkjur og kirkjustaðir. Prestatal.
- V. Saga biskupsstólsins í Skálholti. Biskupatal.
- VI. Haukdælir.
- VII. Héraðsstjórn og sveitastjórn eftir 1281. Sýslumannatal.
- VIII. Höfðingjar og almúgi til siðaskipta. Arnesingaskrá,
 Áshildarmýrarsamþykkt o.fl.
- IX. Skálholtsskóli. Skólameistaratal.
- X. Verzlunarhættir til 1787.
- XI. Móðuharðindin og afleiðingar þeirra. (Biskupsstóll
 og skóli lagðir niður í Skálholti, en alþingi á
 Þingvöllum o.fl.).
- XII. Yfirlit um kjör og hag alþýðu um aldamótin 1800.

ÁRNESSÝSLA FYRR OG NÚ.
=====

III. BINDI.

S A G A Á R N E S I N G A.

Síðari hluti.

- I. Saga núverandi hreppaskiptingar og sóknaskiptingar í
 Árnessýslu.
- II. Mannfjöldi í sýslunni á ýmsum tímum.
- III. Vegir og samgöngur í sýslunni fyrr og nú.
- IV. Um búnað og búnaðarframfarir í sýslunni.
- V. Sjávarútvegurinn.
- VI. Verzlunarsaga héraðsins frá 1787.
- VII. Iðnir (handiðnir og iðnaður).
- VIII. Kirkjumál.
- IX. Heilbrigðismál og læknaþjón. Læknatal.
- X. Skólamál héraðsins.
- XI. Ýmis félög og menningarmál.
- XII. Bókmenntir og listir.

ÁRNESSÝSLA FYRR OG NÚ.
=====

IV. BINDI.

DAGLEGT LÍF TIL SVEITA OG SJÁVAR.

- I. Húsaskipun og byggingar.
- II. Daglegir hættir manna (fótaferð, svefn, fatnaður, hreinlæti, matarhæfi o.fl.).
- III. Veðurfar (veðurspár o.fl.).
- IV. Aðalstörf manna eftir árstíðum (vorannir, heyannir, haustannir, vetrarstörf).
- V. Lestaferðir.
- VI. Fjallferðir og réttir.
- VII. Ferðir í verið.
- VIII. Verstöðvar, vertíðir, vermenn.
- IX. Skip og bátar.
- X. veiðarfæri og beita.
- XI. Skinnklæði.
- XII. Róðrar (almenn lýsing).
- XIII. Fiskurinn, skipting aflans, aðgerð og verkun
- XIV. Húsdýrin.
- XV. Hátíðir og merkisdagar.
- XVI. Skemmtanir (gestkomur, útreiðar, samkomur, orlof, flakk o.fl.).
- XVII. Frá vöggju til grafar (fæðing, bernska, uppfræðsla, fullorðinsár, gifting, dauði, útför).
- XVIII. Heilsufar og lækningar.
- XIX. Hugsunar- og trúarlífið.
- XX. Allskonar þjóðtrú, siðir, venjur, hjátrú og kerlingabækur tengdar sveitalífi og sveitastörfum, sjósókn og sjávarsíðu.

ÁRNESSÝSLA FYRR OG NÚ.
=====

V. BINDI.

S A G N A Þ Æ T T I R.

- I. Þættir og ágrip um nokkurar kunnar ættir í Árnessýslu.
- II. Þættir um einstaka merka menn, einkum frá síðari tímum.
- III. Þættir af öðru nafnkunnu fólki, svo sem Stokkseyrar-Dísu, síra Eiríki á Vogsósum, Fjalla-Eyvindi, síra Þórði í Reykjadal, Þuríði formanni o.fl.
- IV. Þættir af einkennilegum mönnum.
- V. Frásagnir af einstökum atburðum, svo sem:
 - 1. Merkum framkvæmdum (t.d. smíði Ölfusárbrúar).
 - 2. Afintýralegum ferðalögum (t.d. eftirleitum, veiðiferðum o.fl.).
 - 3. Slysförum og hrakningum á landi (t.d. Mannskaðanum á Mosfellsheiði).
 - 4. Manntöpum og hrakningum á sjó (t.d. Mannskaðaveðrinu í Þorlákshöfn 1883 og 1887 o.m.fl.).
- VI. Frásagnir af meira háttar sakamálum (t.d. Kambsráni).
- VII. Sveitarbragir og formannavísur o.fl.

ÁRNESSÝSLA FYRR OG NÚ.
=====

VI. BINDI.

Þ J Ó Ð S Ö G U R.

- I. Goðfræðisögur (álfar, sæbúar og vatna, tröll).
- II. Draugasögur (afturgöngur, uppvakningar, fylgjur).
- III. Galdrasögur (ófreskisgáfur, töfrabrögð, einstakir galdramenn).
- IV. Náttúrusögur (dýrasögur, grasasögur, steinasögur, loftsjónir og tunglsögur, sjór, örnefnasögur).
- V. Helgisögur (guð og kölski, helgir menn, paradís og helvíti, refsíðómar guðs, hjátrú úr pápisku).
- VI. Viðburðasögur (kirkjusögur, frá fornmönnum, sagnir frá seinni öldum).
- VII. Útilegumannasögur.
- VIII. Æfintýri.
- IX. Kýmnisögur.
- X. Kreddur (sbr. IV. bindi XX).

Árnesingamót

13. febrúar 1937.

Lag: Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur.

Í kvöld er eflaust ótal margs að minnast um margt, er djúpt í huga sérhvers býr. Ungir og gamlir aftur fá að kynnast, einstaklings hugsun verður björt og skýr, og innra hjá oss endurminning vaknar um árin, sem að fela tímans spor. Því margir ennþá æsku sinnar sakna og sælustunda, er gaf þeim lífsins vor.

Þú Árnessýsla átt svo margar sögur um afreksmenn og göfga drengjasveit. og enn þig gyrðir fagurt fjallakögur, svo fegra jafnvel enginn maður leit. í gljúfri þröngu Gullfoss ennþá kveður hið gamla lag um fornan alda þrótt, en niðri djúpi froðuhnúkum hleður með heljar orku, bæði dag og nótt.

Og þú átt Geysi. Þetta undra smíði, sem þrumar, ólgar, knýr af byrgðri glóð. Og Haukadal, sem héraðsins var prýði, er hæsta mentun lands í blóma stóð. Og Skálholtiastað, er frægur var til forna og fræðslu veitti mörgum ungum svein, þó síðar fengju hendur napra norna með niðurlæging honum vinna mein.

Þú fagra sýsla, fjallahringnum vafin, með fossa, skóga og stöðuvötnin blá. Í faðmi þínum fyrst var leiðin hafin og fyrst þar gladdist okkar lífsins þrá. En bernsku sporin brátt ei munu gleymast, þau best fá mótast inn í hverja sál, og hvað, sem mætir, minningarnar geymast í mannsins hjarta, gegnum ís og bál.

Þér heill sé jafnan heiðursverði staður og hjá þér ríki friður, kyrð og ró. Í kvöld af alhug minnist sérhver maður þess máttar, sem oss undir lífið bjó. Og inst frá hjörtum óskir bestu streyma til æskustöðva, er liðin geyma spor, og ljúft í anda látum okkur dreyma um lífsins fyrsta, bjarta sólskins vor.

Ág. Jónsson.